

Þriðjudaginn 26. mars 1991.

Nr. 73/1989. **Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir**

(Kristján Stefánsson hdl.)

gegn

Vilhjálmur Þórhallsson hrl.

sem fjárhaldsmanni Ágústis Jónssonar

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

og gagnsök.

Misneyting. Ógildi samnings. Gjafsókn. Erfðaskrá. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 að fengnu leyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands frá 27. febrúar sama ár. Hún krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, að synjað verði um staðfestingu löghalds og að gagnáfrýjandi greiði henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. apríl 1989. Hann gerir eftirgreindar dómkröfur:

„1) Að aðaláfrýjanda verði aðallega gert að þola ógildinguna, en til vara riftun á kaupsamningi aðila, dags. 4.6. 1986, um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Dreka­vog í Reykjavík, svo og, að hinn þinglýsti kaupsamningur verði afmáður úr veðmálabókum Reykjavíkur.

2) Að aðaláfrýjanda verði dæmd (sic) til þess að þola ógildinguna á erfðaskrá, er gagnáfrýjandi gerði til hagsbóta fyrir hana hinn 2. júní 1986.

3) Að aðaláfrýjanda verði dæmd (sic) til þess að endurgreiða gagnáfrýjanda kr. 920.795,93 ásamt 27% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987, sbr. 19. gr. 1. nr. 9/1989, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggjist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 30. maí 1987.

4) Að staðfest verði löghald, er gert var hinn 18. júní 1987 í húseign aðaláfrýjanda, íbúð á 6. - 7. hæð, merkt D, nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík, til tryggingar kröfum skv. 3. tl.

5) Að aðaláfrýjanda verði dæmd (sic) til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Með leyfi dómsmálaráðuneytisins 7. desember 1987 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn í héraði og með leyfi 5. mars 1990 gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti. Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður var jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa. Ágúst Jónsson var sviptur fjárræði að eigin ósk með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1987.

Aðaláfrýjandi heitir fullu nafni Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir.

Með dómi Hæstaréttar 8. maí 1990 í málinu nr. 334/1989: Ákærvaldið gegn Fríðu Ingibjörgu Magnúsdóttur, var staðfestur dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1989, en þar var aðaláfrýjandi fundinn sekur um að hafa notfært sér ellisljóleika, einmanaleika og ósjálfstæði Ágústs Jónssonar til að afla sér þeirra hagsmuna, sem um ræðir í 1. - 3. tölulið kröfugerðar gagnáfrýjanda hér að framan. Var háttsemi hennar talin varða við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessum dómi Hæstaréttar er sannað samkvæmt 1. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 168. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að aðaláfrýjandi hafi notað sér bágindi Ágústs til að afla sér ofangreindra hagsmuna, án þess að nokkurt endurgjald ætti fyrir að koma samkvæmt framburði hennar sjálfrar. Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, ber því samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1986 svo og 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962, að ógilda greinda gerninga og staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Vextir verða dæmdir eins og í dómsorði greinir.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms varðandi löghald, sem gert var 18. júní 1987 í íbúð aðaláfrýjanda, skal vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði 765.547 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknar- og gjafvarnar-kostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns

hans, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Kaupsamningur aðaláfrýjanda, Fríðu Ingibjargar Magnúsdóttur, og gagnáfrýjanda, Ágústss Jónssonar, frá 4. júní 1986 um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Dreka­vog í Reykjavík skal vera ógildur, og ber að afmá hann úr veðmálalabókum Reykjavíkur.

Erfðaskrá, sem gagnáfrýjandi gerði aðaláfrýjanda til hagsbóta 2. júní 1986, skal vera ógild.

Aðaláfrýjandi skal endurgreiða gagnáfrýjanda 920.795,93 krónur með 27% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Löghald, sem gert var 18. júní 1987 í íbúð aðaláfrýjanda á 6. hæð, merkt D, í húsi nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík, er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði 765.547 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Gjaf­sóknar- og gjaf­varnarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf­lutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október 1988, er höfðað fyrir bæjarþinginu af Vilhjálmi Þórhallssyni hrl., Vatnsnesvegi 20, Keflavík, sem fjárhaldsmanni Ágústss Jónssonar, nnr. 0134-7788, fyrrverandi bifreiðarstjóra, Dreka­vogi 18, Reykjavík, gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, nnr. 4626-6846, þrjóna­konu, Krummahólum 6, Reykjavík, til riftunar eða ógildingar á kaupsamningi, til ógildingar á erfðaskrá, til endurgreiðslu á bankainnstæðum og til greiðslu vaxta og málskostnaðar og til staðfestingar á löghaldsgerð.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndu verði aðallega gert að þola riftun, en til vara ógildingu á kaupsamningi hennar og Ágústis Jónssonar, dags. 4. júní 1986, um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Dreka­vog í Reykjavík, svo og, að hinn þinglýsti kaupsamningur verði afmáður úr þinglýsingar­bókum Reykjavíkur.

2. Að stefnda verði dæmd til þess að þola ógildingu á erfðaskrá, er Ágúst Jónsson gerði til hagsbóta fyrir hana hinn 2. júní 1986.

3. Að stefnda verði dæmd til þess að endurgreiða Ágústi Jónssyni kr. 920.795,93 ásamt 27% árs­vöxtum frá 30. maí 1986 til 1. mars 1987, en með 30% árs­vöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu vaxta­vaxta.

4. Að staðfest verði löghald, er gert var hinn 18. júní 1987 í húseign stefndu, íbúð á 6.-7. hæð, merktri D, nr. 6 við Krummahóla, til tryggingar kröfum skv. 3. tl.

5. Að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi, svo sem mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

1. Að kröfum stefnanda um ógildingu erfðaskrár, dags. 2. júní 1986, verði vísað frá dómi.

2. Að stefnda verði að öðru leyti sýknuð af kröfum stefnanda.

3. Að synjað verði staðfestingar löghalds.

4. Að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins.

Hinn 17. október 1988 var kveðinn upp úrskurður um frá­vísunarkröfu stefndu skv. 1. lið kröfugerðar hennar, þar sem kröfunni var hafnað.

Rök stefndu fyrir frá­vísunarkröfunni voru, að erfðaskrá þessi væri einhliða gerningur Ágústis Jónssonar. Hann ætti því ekki að þurfa neinn ógild­ingardóm til riftunar erfðaskrárinnar. Það dugi, að arfleiðandi láti ótvírætt í ljós, að hann taki aftur erfðaskrá sína, sbr. 48. gr. 1. nr. 8/1962.

Stefnandi krafðist þess, að frá­vísunarkröfunni yrði hrundið. Hann taldi rétt og eðlilegt að fjalla um alla kröfuliði sína í einu lagi, þar sem augljóst samband væri á milli þeirra. Þá væri Ágúst Jónsson ekki talinn gerhæfur, og því hlyti að mega ógilda erfðaskrána, ella kynni sú sérkennilega staða að koma upp, að aðrir fjármunagerningar Ágústis, sem fjallað sé um í aðal­málinu, verði ógiltir, en erfð falli samkvæmt erfðaskránni.

Dómurinn taldi, að afturköllun erfðaskrár væri persónulegur gerningur, sem arfleiðandi einn gæti gert, og þar sem hugsanlegt væri, að afturköllun arfleiðanda í þessu tilviki yrði vefengd vegna heilsu hans, þá væri hér um réttaróvissu að ræða, og lögvarðir hagsmunir stefnanda að fá skorið úr um gildi erfðaskrárinnar.

Málavextir, málasástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum þannig lýst:

Ágúst Jónsson sé fæddur 27. júlí 1905. Einkadóttir hans sé Anna Dóra, f. 13. nóvember 1930, utan hjónabands, og hafi hún alist upp hjá móður sinni. Hann hafi kvænst Huldu Long Ingibergsdóttur hinn 16. maí 1933. Þau hafi skilið 5. desember 1947. Stefnda, sem fædd sé 1. júlí 1929, sé dóttir Huldu og því fyrrverandi stjúpdóttir Ágústs. Hinn 19. febrúar 1949 hafi hann kvænst Svövu Halldóru Sigurðardóttur. Þau hafi gert með sér kaupmála til hagsbóta fyrir Svövu Halldóru 16. mars 1950 og viðbótarkaupmála 29. júní 1960 um húseignina nr. 18 við Dreka­vog, sem þau hafi byrjað að byggja 1954. Hinn 12. júlí 1960 hafi Ágúst og Svava Halldóra gert sameiginlega erfðaskrá, sem telja megi gagnkvæma. Þar hafi verið gert ráð fyrir mjög eindregnum helmingaskiptum erfingja hvors um sig við lát þess, er lengur lifði. Svava Halldóra hafi látist 17. apríl 1976. Ekki sé ofmælt, að hún hafi verið Ágústi hin styrka stoð og hafi stjórnað fjármálum þeirra og framkvæmdum öllum. Hann hafi í gegnum árin (sic) haft samband við Kristján, bróður sinn, og eftir lát Svövu Halldóru hafi hann haft mjög náið og gott samband við Eirík, bróður sinn, og Maju, eiginkonu hans, er hafi búið að Skipasundi 75. Eiríkur hafi látist skyndilega í byrjun maí 1986.

Ágúst hafi lifað kyrrlátu og vanabundnu lífi, en skyndilega hafi orðið þar breyting á, er stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, hafi komið til sögunnar. Nokkru fyrir lát Eiríks hafi hún farið að gefa sig að Ágústi, en samband þeirra hafi þá verið algjörlega rofið í hartnær fjörutíu ár. Þetta endurnýj­aða samband hafi ekki verið náið. Ágúst hafi ekki fengið neina þjónustu eða framfærslu hjá stefndu. Hún hafi hins vegar látið vel að honum. Í lögregluskýrslu segir Ágúst m.a.: „Þá þegar bauðst hún til að gera allt fyrir mig. Hún bauðst til að gæta mín eins og barns.“ Stefndandi kveður nánast ekkert hafa orðið úr þessum lofordum. Ágúst segir einnig, að sér virðist sem stefnda hafi náð einhverju valdi yfir honum og sér hafi virst allt vera satt og rétt, sem hún gerði.

Eftir að Eiríkur, bróðir Ágústs, lést, hafi hlutirnir farið að ganga hratt fyrir sig (sic). Dá­gana 26. maí og 30. maí 1986 hafi Ágúst tæmt innstæður tveggja kjörbókarreikninga í Langholtsútibúi Landsbankans. Önnur bókin hafi verið á nafni hans, nr. 60116, með kr. 394.102,62, en hin á nafni Viktoríu Guðmundsson, mágkonu Ágústs, nr. 60115, með kr. 489.719,42. Sömu daga hafi nákvæmlega sömu fjárhæðir verið lagðar inn á kjörbókar­reikning stefndu, nr. 61933, í sama banka. Það veki athygli, að Ágúst hafi ekki skrifað nafn sitt á innleggsnóturnar. Þá hafi hann einnig tekið út inn­stæðu sína á hávaxtareikningi nr. 218514 í Samvinnubankanum, kr. 36.973,89, hinn 26. maí 1986, og hafi þetta verið lagt inn á reikning

stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur, sama dag í sama banka. Stefnda hafi fyllt út innleggsnótuna. Samtals nemi þessar bankainnstæður kr. 920.795,93, sem sé stefnukrafa skv. 3. t.l. Stefnda hafi notið þessara fjármuna og t.d. tekið út innstæðu sína í Landsbankanum af reikningi nr. 61933. Ekkert skriflegt sé til um þetta nema bankafylgiskjöl.

Næst kveður stefnandi það gerast, að Ágúst gangi frá erfðaskrá hjá borgarfégetaembættinu hinn 2. júní 1986 til hagsbóta fyrir stefndu. Hafi stefnda farið með honum til að gegna þessu erindi. Erfðaskrá þessi brjóti mjög í bága við erfðaskrá Ágústs og Svövu, seinni konu hans, sem dags. sé 12. júlí 1960 og þar sem gert sé ráð fyrir mjög eindregnum helmingaskiptum erfingja hvors um sig við lát þess langlífara.

Flóknasta atriðið í viðskiptum Ágústs og stefndu séu kaupsamningar um Dreka­vog 18, sem dags. séu 4. júní 1986. Þar kaupi stefnda kjallara hússins á kr. 1.100.000 með útborgun kr. 500.000 og verðtryggðu bréfi til 10 ára, án þess að vaxta sé getið. Skyldi Ágúst hafa afnot kjallarans svo lengi sem hann kysi. Ekki sé tekið fram um endurgjald fyrir þau afnot. Dótturdóttir stefndu, Ingibjörg Ingimarsdóttir, kaupi hins vegar íbúðarhæð hússins, og sé sérstakt dómsmál rekið út af þeim gerningi. Stefnandi telur samt órofa samhengi vera hér á milli. Það, sem meginmáli skipti, sé, að stefnda hafi haft allt frumkvæði að gerð samninganna. Hún hafi haft samband við fasteignasala og lögmann. Ágúst hafi ekkert samráð haft við lögmann eða einhvern sér nákominn, áður en til samninganna kom. Samningskjörin séu runnin undan rifjum stefndu. Kaupverðið sé ákveðið langt undir gangverði skv. mati tveggja fasteignasala, og hafi Ágúst beinlínis verið hlunnfarinn. Skjalagerð sé mjög gölluð. Þess sé ekki getið, hver hafi samið skjölin, þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Skiptayfirlýsing hafi ekki legið fyrir. Þá sé þess ekki getið í samningnum, hvenær afsöl skuli fara fram né hvar greiðslur kaupverðs eigi að fara fram. Í öðrum samningnum sé þess ekki getið, að veðbókarvottorð liggi frammi. Enginn lögmaður hafi verið viðstaddur undirskriftir, sem ekki hafi farið fram samtímis. Stefnda hafi skrifað heimildarlaust sem fjárhaldsmaður undir kaupsamning nöfnu sinnar. Ekki hafi enn verið sótt um heinild til dómsmálaráðuneytisins vegna kaupanna.

Hvorug nafnanna hafi greitt Ágústi umsamda útborgun né hafi stefnda haft nokkurt frumkvæði að því að ganga frá afsali og skuldabréfum. Þá hafi Ingibjörg Ingimarsdóttir ekki sótt um lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins til efnda á kaupsamningnum.

Þeirri fullyrðingu stefndu, að Ágúst hafi gefið sér húseignina eða andvirði hennar, sé afdráttarlaust mótmælt. Þótt svo hefði verið, skipti það engu máli.

Sumarið 1986 hafi mágkona Ágústs, Viktoría, sem búsett sé í Bandaríkjunum, komið í heimsókn til Íslands. Hún hafi orðið þess áskynja, hvað

hann hafði gert, og hafi í framhaldi af því leitað til lögmanns. Maja, mágkona Ágústs, hafi einnig komist að þessu og sagt Kristjáni, bróður hans, frá því. Hann hafi síðan haft samband við Önnu Dóru, dóttur Ágústs. Hún hafi rætt málið við Vilhjálmm Þórhallsson hrl. Tilraun lögmannsins til að leysa málið friðsamlega hafi ekki borið árangur. Málið hafi verið kært til rannsóknarlögreglu ríkisins 6. október 1986. Ágúst hafi gengist undir rannsókn dr. Hannesar Péturssonar, yfirlæknis á Borgarspítalanum, og Sigurgísla Skúlasonar sálfræðings til þess að ganga úr skugga um hæfi hans til að gera sér grein fyrir afleiðingum hérgreindra fjármálagerna. Álit læknisins sé, að Ágúst „hafi ekki verið fær um að gera sér nægilega ljósa þýðingu, efnisinnihald og afleiðingar framangreindra fjármálagerna“. Sálfræðiprófið bendi m.a. til verulegs greindarskorts og að Ágúst sé treggefinn eða tornæmur. Greindarvísitala hafi mælst aðeins 83.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 20. maí 1987 hafi Ágúst verið sviptur fjárræði, og hafi Vilhjálmm Þórhallsson hrl. verið skipaður fjárhaldsmaður hans.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera tvenns konar og lúta annars vegar að riftun kaupsamningsins og hins vegar að ógildingu hans, ógildingu erfðaskrárinnar og afhendingar bankainnstæðnanna. Við munnlegan málflutning kvað stefnandi endurgreiðslukröfu sína á því byggða, að gerningarnir væru ógildanlegir.

1. Riftun kveður hann byggjast á stórfelldum vanefndum stefndu, sem ekki hafi enn, einu ári frá kaupsamningsdegi, efnt skyldur sínar gagnvart greiðsluskilmálum, hvorki greitt umsamda útborgun né gefið út skuldbréf.

2. Kröfu um ógildingu kveður hann byggða á því, að Ágúst hafi verið ófær um að skilja þýðingu, efni og afleiðingar gerða sinna, sbr. rannsókn sérfræðinga. Greindar ráðstafanir séu því óskuldbindandi vegna gerhæfisskorts Ágústs. Hafa beri í huga, að hér sé um flókin og óvenjuleg viðskipti að tefla, a.m.k. fyrir Ágúst. Geta verði þess, að gerningarnir séu bæði óskynsamlegir og óeðlilegir. Íbúðin og húseignin í heild séu seldar langt undir gangverði og því bersýnilegur munur á andvirði þeirra og matsverði. Reyndar hafi húseignin verið gefin að sögn stefndu, en það telur stefnandi vera fjarri öllu lagi. Það sé engin þau tengsl á milli aðila, sem réttlæti slík vildarkjör, og örlæti að ráðstafa nánast aleigu sinni án endurgjalds. Hvorki stefnda né Ingibjörg Ingimarsdóttir hafi gert nokkuð fyrir Ágúst, svo að þær verðskuldi allt þetta. Erfðaskrá Ágústs og Svövu Halldóru beri að túlka þannig, að honum hafi verið óheimil ráðstöfun eigna, svo sem hann hafi gert, a.m.k. að því er húseignina varði. Stefnandi telur visst samhengi vera á milli þeirra löggerna, sem fjallað sé um í málinu. Aðferðin sé hin sama, allt beri upp á sama tíma, allt sé til hagsbóta fyrir stefndu, en til tjóns fyrir Ágúst Jónsson. Kveður hann stefndu ótvírætt

hafa beitt Ágúst ótilhlýðilegum áhrifum, eins og heilsu og högum hans hafi verið komið, og beinlínis notfært sér dómgreindarskort hans. Misneyting og óheiðarleiki séu augljós. Svíksamleg brögð hafi verið í tafli. Ósanngjarnt væri, ef Ágúst fengi ekki vikið þessum gerðum til hliðar. Við munnlegan málfutning kvaðst stefnandi ekki byggja á brostnum forsendum, svo sem sagt er í stefnu.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á 28. gr. kaupalaganna nr. 39/1922, að því er riftun kaupsamnings varðar. Um ógildingarkröfuna kveðst hann vísa til samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, 30., 31., 32. og 36. gr., sbr. sams konar ákvæði í 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga, svo og 2. mgr. 34. og 1. mgr. 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Þá sé byggt á 2. mgr. 48. gr. erfðalaga um sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá. Að því er samningagerðina varði, sé vísað til laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, 12. gr., laga um fjölbýlishús nr. 59/1976, 3. og 4. gr., og þinglýsingalaga nr. 39/1978, 22. gr.

Af hálfu stefndu er fullyrt, að málavaxtalýsing stefnanda sé í veigamiklum atriðum röng, bæði að því er varði aðdraganda þess, að stefnda og Ágúst tóku upp samband að nýju, svo og aðdraganda og tilgang greindra kaupsamninga.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hún hafi hitt Ástu, systur Ágúst, á árinu 1984, sem hafi tjáð henni, að hann væri orðinn ekkjumaður og væri mjög einmana, og hún hafi jafnframt beðið stefndu að líta til hans.

Kveður stefnda það hafa verið á gamlaársdag 1984, sem hún hafi hringt í Ágúst og boðið honum í mat. Kveðst hún hafa sagt honum, að hann hefði gaman af því að koma og sjá börn og barnabörn stefndu. Hafi Ágúst þakkað henni mikið fyrir að hringja, en sagst alltaf vera heima hjá sér á þessu kvöldi. Hafi stefnda þá sagt honum, að hún kæmi í kaffi til hans einvern daginn.

Hún kveður það svo hafa verið á árinu 1985, sem Ágúst hafi sjálfur farið að hringja í stefndu til að spyrja hana, hvort hún ætlaði ekki að fara að líta til sín. Upp frá því hafi stefnda farið í tíðar heimsóknir, enda hafi Ágúst haft lítið samband við önnur skyldmenni sín, svo sem dóttur og systkini, fyrir utan bróður sinn, Eirík. Einnig hafi Ágúst dvalist hjá stefndu bæði á páskum og jólum svo og um áramót. Um miðjan apríl 1986 hafi það verið ákveðið að ráði Eiríks, bróður hans, að Ágúst flyttist í kjallaraíbúðina að Dreka­vogi 18, en mjög stuttu síðar hafi Eiríkur fallið frá. Um miðjan maí hafi svo verið hafist handa um að mála og standsetja kjallarann, en von hafi verið á Viktoríu, mágkonu Ágúst, sem ætíð hafi gist hjá honum, þegar hún hafi komið í heimsókn, en hún hafi verið búsett í Bandaríkjunum. Um svipað leyti hafi það borist í tal, að bróðir Ágúst, Eiríkur, hefði ráðlagt honum að selja hæðina. Kveðst stefnda þá hafa

boðist til að kaupa hæðina fyrir dótturdóttur sína, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, sem hefði fengið dánarbætur frá fósturföður sínum, Gísla Marinóssyni. Hafi Ágúst þá sagt: „Þú átt að eiga húsið, og þú ræður því þá, góða.“

Í framhaldi af þessu hafi stefnda og Ágúst farið á fund fasteignasalans Sverris Kristjánssonar, og hafi þau skýrt Sverri frá málavöxtum, þ.e. að Ágúst væri að gefa stefndu húsið að Dreka­vogi 18. Kveður hún Sverri hafa staðfest frásögn stefndu að þessu leyti og jafnframt það, að Ágúst hafi ætlað að selja dótturdóttur stefndu hæðina og andvirði hennar gengi til stefndu. Það hafi síðan orðið að ráði, að gjafagerningur Ágúst­vegna kjallarans hafi einnig að forminu til verið settur upp sem kaupsamningur. Kaupsamningar hafi síðan verið gerðir og undirritaðir af öllum viðkomandi, og hafi Ágúst þá vitað fullkomlega, hvað hann hafi verið að undirrita og hvers vegna. Vottar að undirskriftum Ágúst­hafi verið Ragnar Kristinsson og Ægir Kári Bjarnason, og kveður hún þá báða hafa staðfest, að Ágúst hafi gert sér fulla grein fyrir, hvað hann var að gera með undirritun kaupsamninganna.

Í lok maí 1986 hafi Ágúst millifært og greitt inn á bankareikninga stefndu samtals kr. 920.795,93. Þetta hafi hann gert ótilkvaddur, og hafi stefnda engin afskipti haft af þessum tilfærslum. Hafi stefnda orðið mjög undrandi, er hún hafi orðið þessa vís, og innt Ágúst eftir þessu, og hafi hann þá svarað svo: „Mér þykir svo gaman að gefa þér þetta, Inga.“

Að því er varði erfðaskrána frá 2. júní 1986, þá hafi allt frumkvæðið verið hjá Ágústi. Erfðaskráin sé undirrituð í viðurvist borgar­fógeta og notarialvotta, sem staðfesti, að Ágúst hafi undirritað hana „af frjálsum og fúsum vilja, með fullu ráði og kveði skrána hafa að geyma vilja sinn“. Stefnda kveður, að við komu mágkonu Ágúst, Viktoríu, til landsins hafi hann orðið fyrir miklum þrýstingi, bæði af hennar hálfu svo og dóttur hans og bróður, Kristján, að rifta öllum þessum gerningum. Hafi hann þá haft svo á orði við stefndu, að þetta fólk væri að ganga af sér dauðum.

Af hálfu stefndu er byggt á því, að Ágúst hafi fyllilega gert sér grein fyrir þeim gerningum, sem hann hafi gert til hagsbóta fyrir stefndu. Því sé algerlega mótmælt, að hann hafi verið ófær um að gera sér ljósa grein fyrir þýðingu, efnisinnihaldi eða afleiðingum þessara gerninga. Þau vitni, sem borið hafi um andlega hæfileika Ágúst vorid 1986, séu öll sammála um það, að hann hafi í alla staði verið vel áttaður (sic) og alls ekki í því andlega ástandi, sem lesa mætti út úr rannsókn Hannesar Péturssonar yfirlæknis, dags. 22. febrúar 1987. Yfirlækninum sé auðvitað vorkunn, þar sem hann hafi ekki átt þess kost, eins og hann orði það sjálfur, „að skoða Ágúst, þá er framangreindir fjármálagerningar voru framkvæmdir“. Hins vegar vilji svo til, að ýmsir aðilar, sem engra hagsmuna eigi að gæta í máli þessu, geti hjálpað yfirlækninum að þessu leyti, því að þeir hafi átt

Þess kost að ræða við og kynna Ágústi á því tímabili, sem hér skipti máli. Er í þessu sambandi vísað til vottorða á dskj. nr. 45, 46, 47, 49, 51 og 53. Lýsing þessara aðila á Ágústi virðist vera í miklu ósamræmi við lýsingu yfirlæknisins á honum eftir skoðun, sem ætla verður, að hafi ekki farið fram fyrr en 20. desember 1986. Það sé ef til vill ekki að undra, þótt Ágúst láti eitthvað á sjá frá maí til desember 1986 eftir allt, sem á hafi gengið, þegar bréf- og lögerfingjar verði þess áskynja, að hann hafi enga hlutdeild ætlað þeim í eignum sínum eftir sinn dag. Og til þess að kóróna þetta allt saman sé Ágúst sjálfur látinn óska þess, að hann verði sviptur fjárræði. Þetta megi hann þola af sínum nánustu á elliárunum. Það sé því ekkert það tilefni í máli þessu, sem leiða ætti til riftunar eða ógildingar hins svokallaða „kaupsamnings“. Ágúst hafi verið sér þess fyllilega meðvitaður, að hann væri með samningi þessum að gefa stefndu kjallaraíbúðina að Dreka­vogi 18. Það hafi verið Ágúst sjálfur, sem hafi viljað gefa stefndu íbúðina, og hafi þar sjálfur átt allt frumkvæðið. Hið sama gildi um peningagjafir hans til stefndu. Hann hafi þar átt allt frumkvæðið, og hafi stefnda ekkert vitað af því, fyrr en allt hafi verið um garð gengið. Gjafagerningar milli nánna vandamanna séu ekkert einsdæmi og með öllu eðlilegir. Hér sé fósturfaðir að gefa fósturdóttur sinni, sem alist hafi upp hjá honum frá tveggja ára til átján ára aldurs. Gjafagerningur slíkur sem þessi sé með öllu eðlilegur, eins og á hafi staðið. Einnig beri að hafa það í huga, að Ágúst skyldi hafa afnot kjallaraíbúðarinnar eins lengi og hann óskaði án nokkurs endurgjalds. Hafi stefnda gengist í því að koma kjallaraíbúðinni í gott stand með því að láta mála hana, dúk- og teppaleggja, svo að eitthvað sé nefnt. Sýknukrafa stefndu sé byggð á framangreindum sjónarmiðum, að því er varði kröfu stefnanda um riftun eða ógildingu kaupsamningsins svo og endurgreiðslukröfuna.

Verði sýknukrafa stefndu tekin til greina, leiði það af sjálfu sér, að synja beri um staðfestingu löghaldsins frá 18. júní 1987. En auk þess er á því byggt, að synja beri um staðfestingu löghaldsins, þar sem af hálfu stefndu hafi enginn verið mættur eða skipaður sem réttargæslumaður við framkvæmd löghaldsins.

Í máli þessu liggja frammi ýmis skjöl og framburður. Sé öllum þeim skjölum og framburði mótmælt sem röngum og óstaðfestum, að svo miklu leyti sem þau fari í bága við málalíbúnað stefndu.

Niðurstaða.

Hinn 20. maí 1986 var Ágúst Jónsson að eigin ósk sviptur fjárræði með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur. Var úrskurðurinn m.a. byggður á álitu tveggja sérfræðinga, Hannesar Péturssonar geðlæknis og Sigurgísla Skúla­sonar sálfræðings.

Framangreindir sérfræðingar komu fyrir dóm bæði í lögræðismálinu og í þessu máli. Rannsókn læknisins leiddi í ljós greinilega skerðingu á andlegri starfsemi Ágústs vegna heilabilunar, sem hann taldi að líkindum hafa átt sér nokkurra ára aðdraganda og mætti líklega rekja til tveggja sjúkdóma, sem valdið geti skemmdum í miðtaugakerfi, sjúkdómsins multi-infarct dementia, sem háþrýstingur geti orsakað og lýsi sér í skerðingu á nærminni, og hugsanlega langvinnns hrörnunarsjúkdóms, senil dementia, af Alzheimergerð. Færu þessi sjúkdómar oft saman. Hannes Pétursson læknir taldi engan vafa á því, að um verulega skerðingu á andlegri starfsemi Ágústs, þ.e. meðvitund, áttun (sic), athygli og einbeitingu hafi verið að ræða, þegar gerningarnir voru gerðir, og einnig taldi hann mjög líklegt, að hann hefði á þeirri stundu ekki heldur gert sér grein fyrir umfangi eigna sinna né beinum afleiðingum þeirra fjármálagjörninga, sem hann var að gera. Rannsókn læknisins fór fram í desember og janúar 1986-1987.

Sigurgísli Skúlason sálfræðingur lagði þrjú sálfræðipróf fyrir Ágúst á tímabilinu janúar-febrúar 1987, Wechslers-próf fyrir fullorðna, Ravens-prófið og Kendriks-prófin. Bentu niðurstöður úr öllum prófunum til vefrænnar skerðingar (dementia), í daglegu tali nefnd elligliöp. Reyndist langtímaminni vera þolanlegt, en skammtímaminni mjög lítið. Við vitnaleiðslu taldi sálfræðingurinn, að Ágúst myndi eiga í erfiðleikum með að fá samhengi í hlutina og ná nægilega miklum skilningi til að geta gengið frá flóknum samningum, hann myndi eiga í erfiðleikum með að fá samhengi í atburðarás, sem tæki marga daga, þar sem hann gleymdi í millitíðinni (sic). Hann taldi öruggt, að hann hefði ekki getað lesið samninginn.

Í vottorði heimilislæknis Ágústs, Þorgeirs Gestssonar, sem stundað hefur hann reglulega um tuttugu ára skeið, og ritað er 10. október 1986, segir m.a.: Ágúst „er einbúi um árabíl eða síðan hann missti konu sína í apríl '76. Borið hefur á vaxandi gleymsku og depurð (sic) (dementia senilis). Á síðastliðnu ári bar mikið á kviða og vanliðan, enda þá með líkamlegar kvartanir og sjúkdómseinkenni, sem nú hefur verið ráðin bót á. Andleg líðan hans er einnig mun betri síðustu mánuði“. Við vitnaleiðslu í lögræðismálinu 5. maí 1987 kvað læknirinn Ágúst hafa breyst töluvert, eftir að hann missti konuna, en ekki hefði borið á beinu minnisleysi lengur en u.þ.b. tvö til þrjú ár. Kvað hann það hafa ágerst í seinni tíð. Hann kvað Ágúst hafa sagt sér, að hann hefði alltaf átt erfitt með fjármál og að kona sín hefði „verið sá aflgjafi, sem hafi hjálpað honum“. Þegar læknirinn var spurður, hvort hann teldi þetta minnisleysi Ágústs geta réttlætt fjárræðisviptingu, sagði vitnið: „Það sem ég get helst sagt um þau mál, er það, sem hann sjálfur segir mér og hefur sagt. Hann sagði fyrst, að hann hefði verið búinn að koma sér nokkuð vel fyrir. Það væri ein manneskja, sem hefði hjálpað sér og tekið að sér sínar fjárreiður, og hann hélt, að hann

væri áhyggjulaus eftir það. Svo leið ekki langur tími, að þá kemur hann til mín aftur og getur þess að fyrra bragði, að hann muni ekki hafa verið með sjálfum sér, þegar hann gerði þessa ráðstöfun, enda væri hann svo minnislaus, að hann myndi mjög illa það, sem væri að ske.“ Þessi skoðun kom aftur fram hjá læknum við vitnaleiðslu 7. apríl 1988, að Ágúst hefði búið við depurð og kvíða og gripið fegins hendi þá aðstoð, sem honum hafi boðist, og glaðst af að þurfa ekki að hafa frekari áhyggjur.

Undir rekstri þessa máls varð að samkomulagi með lögmonnum að leita álits enn eins sérfræðings, og var Högni Óskarsson geðlæknir beðinn með bréfi stefnanda, dags. 13. apríl 1988, um að álykta um gerhæfi Ágústs Jónssonar í maí-júní 1986. Er álit hans dagsett 12. júní 1988 og hefur verið staðfest fyrir dómi. Er niðurstaða þess svohljóðandi:

„Ágúst er haldinn elliglöpum á háu stigi vegna heilarýrnunar (dementia senilis vegna atrophia cerebri). Niðurstöður tölvusneiðmyndar benda til, að heilarýrnun sé af þeirri gerð, sem vex hægfara á mörgum árum og veldur truflunum á vitmunalegri getu og tilfinningalífi viðkomandi.

Samkvæmt upplýsingum heimilislæknis virðist hér um að ræða a.m.k. allmarga ára aðdraganda. Ættingjar Ágústs telja sig hafa séð merki um elliglöp strax um árið 1977. Hnignandi félagleg geta Ágústs í allmörg ár bendir til hins sama. Afleiðingar þess hafa verið vaxandi minnisleysi, sérstaklega á nýliðna atburði, minnkandi áttun (sic) í daglegu lífi, vaxandi félagslegt ósjálfstæði ásamt truflunum á dómgreind og stundum á tilfinningum.

Ágúst virðist hafa verið með þunglyndiseinkenni og kvíðaeinkenni árið 1985.

Persónuleiki Ágústs er þannig, að hann hefur mikið reitt sig á aðra vegna ósjálfstæðis við ákvarðanatöku, og má búast við, að þannig (sic) persónuleikaeinkenni vaxi samfara vaxandi elliglöpum. Margt í framburði vitna bendir einmitt til þess.

Það er mat undirritaðs að vandlega rannsökuðu þessu máli, að það séu yfirgnæfandi líkur á því, að Ágúst hafi verið ófær um að ráðstafa eignum sínum í maí og júní 1986, eins og lýst er í dómskjólum, þannig að skynsamlegt mætti telja.“

Hjá Högna Óskarssyni lækni kom enn fremur fram, að tölvusneiðmynd sú, sem tekin var af Ágústi, benti ekki til blóðrásartruflana í heila, þannig að líkur væru á meiri hægfara rýrnun en ef slíkt hefði átt sér stað.

Ættingjar Ágústs bera, að honum hafi byrjað að fara aftur fyrir mörgum árum, þar af tveir bræður hans, sem ekki verður séð, að eigi nokkurra hagsmuna að gæta varðandi þá fjármunagerninga, sem mál þetta snýst um. Taldi Kristján Jónsson, bróðir hans, fyrst fara að bera á því, eftir að hann missir konuna og fer að verða einn. Er þetta í samræmi við lýsingu heimilis-

læknisins, Þorgeirs Gestssonar. Það kom fram hjá Kristjáni, að Svava Halldóra heitin, síðari kona Ágústs, hefði verið stjórnsöm, og það hefði að líkindum látið Ágústi vel. Það kom enn fremur fram í framburði hans, að hann, Kristján, hefði undanfarið aðstoðað Ágúst t.d. við gerð skattframtala og við að fara í banka og annað. Kvað hann Ágúst þá ekkert gá að því, hvar hann skrifaði nafn sitt, „vill skrifa nafnið sitt einhvers staðar og einhvers staðar bara án þess að gera sér grein fyrir því, hvar það á að vera. Ég benti honum á þetta, því að hann er mjög illa farinn.“

Af hálfu stefndu hafa verið lögð fram nokkur vottorð einstaklinga, sem gerð eru að hennar beiðni og fjalla um gott andlegt ástand, minni og skýrleika Ágústs Jónssonar og hversu geðþekkur hann sé. Hér er um að ræða tvo iðnaðarmenn, sem að hennar beiðni litu á húsið að Dreka­vogi 18, en aðrir vottorðsgjafar eru vinir hennar eða ættingjar. Allt þetta fólk hefur komið fyrir dóminn og staðfest vitnisburð sinn. Allt þekkir Ágúst lauslega, og langflest vísar það til dæma í samræðum, sem fjalla um liðna tíð. Ljóst er, að Ágúst býður af sér góðan þokka og að vitnunum hafa líkað viðkynnin vel, en þegar það er virt, að hér er í öllum tilvikum um stutt kynni að ræða, er í ljósi álits sérfræðinga og þeirra, sem hann hafa lengi þekkt, ekki unnt að gefa þessum vitnisburðum mikið vægi.

Með vísan til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, þykir sannað, að talsverðrar ellihrórnunar hafi verið farið að gæta hjá Ágústi Jónssyni um mánaðamót maí-júní 1986, enn fremur, að hann hafi að eðlisfari verið ósjálfstæður og látið betur að fela mál sín öðrum og að þessi persónuleika­einkenni hafi aukist samfara hrórnuninni. Með vísan til þessa og álits allra þeirra fjögurra sérfræðinga, sem rannsakað hafa Ágúst og ályktað um málið, er það niðurstaða dómsins, að Ágúst hafi skort andlega hæfni til þess að hafa skilning á þeim réttaráhrifum, sem athafnir hans höfðu, er hann ráðstafaði eignum sínum með þeim hætti, sem að ofan hefur verið lýst, til stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur.

Stefnda hefur haldið því fram, að Ágúst hafi gefið sér húseignina Dreka­vog 18, Reykjavík, en gjöfin hafi verið sett í kaupsamningsform af hagkvæmnisástæðum, þ.e. til þess að komast undan skattgreiðslum. Engin vitni eru að gerð slíks gjafagernings, og ekki er hann skjalfestur. Eitt vitni, Sigríður Sívertsdóttir Hjelm, kveður í yfirlýsingu sinni, sem er ódagsett, en skrifuð í tilefni þessa máls, að Ágúst hafi sagt við sig í kringum 18. ágúst 1986, að hann væri búinn að gefa stefndu húsið. Fyrir dómnum kvaðst hún ekki muna nákvæmt orðalag, en taldi það hafa verið: „...hún fær allt eftir mig.“ Vitnið Jóhann Þorgeirsson kveðst í yfirlýsingu sinni hafa rætt við Ágúst um gjöfina, en hefur þar ekki eftir honum beina staðfestingu á henni. Yfirlýsingu þessa staðfesti hann fyrir dómi, en ekki er í vitnaskýrslu hans sérstaklega minnst á gjöf. Skoða verður framburð þessa

vitnis í ljósi þess, að hann hefur haft nokkur afskipti af málinu, og augljóst er, að mjög nán tengsl eru milli hans og stefndu. Ingibjörg Ingimarsdóttir, dótturdóttir og fósturdóttir stefndu og kaupandi efri hæðar hússins að Dreka­vogi 18, kvaðst t.d. líta á hann sem fjárhaldsmann sinn og upp­alanda ásamt ömmu sinni, Ingibjörgu Magnúsdóttur. Önnur vitni hafa haft það eftir stefndu sjálfri, að Ágúst ætlaði að gefa eða hafi gefið henni fasteignina og peninga. Vitnið Sverrir Kristjánsson fasteignasali bar hjá rannsóknar­lög­reglu ríkisins, að Ingibjörg hefði sagt Ágúst vera að gefa sér húsið, og hefði hún haft allt frumkvæði, er þau Ágúst hefðu komið til sín, en hann verið atkvæðalitill. Vitnið Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður kveður Ágúst og stefndu hafa komið til sín að tilvísun Sverris Kristjánssonar fasteignasala til að gera afsal um eignina. Kvað hann stefndu hafa haft orð fyrir þeim, og er hann hafi ekki fengið greið svör við fyrirspurnum sínum um ástæður fyrir afsalinu, endurgjaldi og fleira, hafi hann viljað fá að tala við Ágúst einslega. Stefnda hafi alltaf verið fyrri til að svara, og er hann hafi ekki fengið nein svör hjá Ágústi, hafi hann beðið þau að ganga fram fyrir og doka við, þar sem hann hugðist hugsa sinn gang, hafi stefnda sagt, að þau myndu bara koma aftur. Stefnda hefur ekki orðið við þeirri áskorun stefnanda að leggja fram skattframtal sitt. Með vísan til þessa, sem hér hefur verið rakið, þykir stefnda ekki hafa sannað, að um lögmætan gjafagerning hafi verið að ræða.

Ljóst er og ágreiningslaust, að ekkert endurgjald hefur komið fyrir hús­eignina, en við undirritun samningsins um kjallaraíbúðina skyldi stefnda greiða kr. 500.000, en eftirstöðvar með skuldabréfi til ótilgreinds tíma, en með gjalddaga 1. júlí hvert ár, í fyrsta sinn 1. júlí 1987. Hinn 9. september 1986 ritaði stefnandi, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður, stefndu og Ingibjörgu Ingimarsdóttur, dótturdóttur hennar, bréf fyrir hönd Ágústs Jónssonar, þar sem meðal annars er bent á, að útborgunin hafi ekki verið greidd, og þess krafist, að kaupin gangi til baka og kaupsamningarnir við hana um kjallara hússins og við Ingibjörgu Ingimarsdóttur um hæð hússins nr. 18 við Dreka­vog verði ógiltir. Hinn 8. október 1986 skrifaði Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður stefndu og Ingibjörgu Ingimarsdóttur bréf og einnig Ágústi Jónssyni, þar sem þess er krafist fyrir hönd Bjarnfríðar Viktoríu Sigurðsson Guðmundsson, mágkonu Ágústs, að kaupunum verði rift, þar sem salan brjóti í bág við rétt hennar til arfs eftir systur sína, látna eiginkonu Ágústs, og verð og greiðsluskilmálar séu óeðlilegir. Hinn 19. ágúst 1987 sendi stefnandi stefndu og Ingibjörgu Ingimarsdóttur skeyti, þar sem hann áréttar riftunarkröfuna. Samkvæmt því, sem hér er rakið, þykir ljóst, að skilyrði riftunar samkvæmt grunnreglu 28. gr., sbr. 32. gr. kaupalaga nr. 39/1922, séu fyrir hendi, svo framarlega sem talið verði, að um gilda kaupsamninga sé að ræða.

Stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, heldur því fram, að Ágúst Jónsson hafi alið sig upp frá tveggja til átján ára aldurs, að síðari kona hans hafi reynt að hindra samgang þeirra, að aldrei hafi rofnað tengslin, þar sem þau hafi hist annað slagið í gegnum árin (sic) og að samband þeirra hafi aftur orðið reglulegt um áramótin 1984-1985. Ingibjörg er fædd 1. júlí 1929. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands var hjónavígsludagur Ágúst og móður stefndu, Huldu Long Ingibergsdóttur, hinn 23. september 1933, og hefur hún þá verið fjögurra ára gömul. Ljóst þykir af gögnum málsins, að samgangur var ekki með stefndu og Ágústi í u.þ.b. 40 ár. Ekki hefur fengist upplýst með vissu, hvenær samband stefndu og Ágúst endurnýjaðist, en líkur benda til þess, að það hafi verið um áramótin 1985/1986. Voru þá liðin hartnær 10 ár frá láti seinni konu hans. Styðst þessi niðurstaða einkum við framburð vitnanna Kristjáns Jónssonar og Jakobínu S.G. Hafliðadóttur og þá staðreynd, að stefnda kom hvergi nærri áttæðisafmæli Ágúst, sem var 27. júlí 1985, en þá bauð Ágúst heim til sín nánustu vinum og vanda- mönnum, og enn fremur við framburð stefndu sjálfar, þegar hún er spurð, hvernig Ágúst hafi komið henni fyrir sjónir á þeim tíma, er þau fara að umgangast að jafnaði. Kvað hún hann hafa verið glaðan, hressan og heilsu- hraustan, en hann hefði talað um, að hann hefði verið með eitthvað í ristl- inum, en það væri búið. Samkvæmt framburði heimilislæknisins, Þorgeirs Gestssonar, sbr. álit Högna Óskarssonar læknis, átti Ágúst við vanheilsu og depurð að stríða af þessum sökum á árinu 1985, sem ætla verður, að stefnda hlyti að hafa fylgst með og vitað um af sjálfsdáðum, hefði samband þeirra endurnýjast um áramótin 1984/1985, eins og hún heldur fram.

Löggerningar þeir, sem mál þetta fjallar um, eiga sér stað á tíu dögum, frá 26. maí til 4. júní 1986. Endurvakinn samgangur stefndu og Ágúst hafði því staðið í um það bil fimm mánuði, er þetta átti sér stað. Framburður stefndu um persónuleika, ákveðni, áttun (sic) og viljastyrks Ágúst stangast mjög á við vætti sérfræðinga, nágranna hans og ættingja. Stefnda kynntist Ágústi vel á uppvaxtarárum sínum og hefur að eigin sögn hitt hann annað slagið og rætt við hann á þeim 40 árum, sem þau umgengust ekki að stað- aldri. Henni var kunnugt um, að Ágúst væri á nírræðisaldri. Í umgengni sinni við hann á árinu 1986 mátti hún því betur gera sér grein fyrir, að honum var farið að förlast. Ágúst virðist hafa treyst stefndu og talið málum sínum vel borgið í hennar höndum, en þó af einhverjum ástæðum talið sig þurfa að leynd þessu fyrir öðrum. Samkvæmt framburði stefndu sjálfar verður að telja, að hún hafi kynnt sér erfðaskrá Ágúst og síðari konu hans frá 12. júlí 1960, en þar eru arfskipti miðuð við eignir eins og þær eru við fráfall skammlífara maka. Söluverð beggja íbúðanna er undir markaðs- verði og greiðslukjör eru óskýr og ófrágengin. Fyrirhuguð skemmtiferð stefndu þykir ekki réttlæta þann hraða, sem hafður var á við að koma

Þessum eignayfirfærslum í gegn, og það, hversu hroðvirknislega gengið var frá jafnbýðingarmiklum löggerningum. Telja verður, að stefndu hafi hlotið að vera ljóst, að Ágúst gerði sér ekki fulla grein fyrir því, sem fram fór. Hann hlaut enga ráðgjöf frá öðrum en stefndu á þessu tímabili, en hann virðist hafa treyst og reitt sig á hana. Sannað þykir af gögnum málsins, að stefnda hafi haft allt frumkvæði og séð um gerð kaupsamninganna. Telja verður ljóst, að hún hafi notfært sér einmanaleika, ósjálfstæði og ellihrumleika Ágústs til að koma nefndum kaupsamningum á. Þegar þetta er virt, þykir rétt að ógilda þann samning, er Ágúst gerði við stefndu um kjallara húseignarinnar að Drekkavogi 18, Reykjavík, dags. 4. júní 1984, en talinn gerður 4. júní 1986, með vísan til 31. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1986, og ber að afmá hann úr veðmálabókum.

Að því er varðar yfirfærslur úr bankabókum hinn 26. maí 1986, kr. 394.104,62 af kjörbók Ágústs nr. 60116 í Landsbanka Íslands og kr. 36.973,89 af reikningi Ágústs nr. 218514 í Samvinnubankanum, og hinn 30. s.m. kr. 489.719,42 af kjörbók nr. 60115 í Landsbanka Íslands á nafni Viktoríu Guðmundsson, sem Ágúst var forráðamaður að, inn á reikninga á nafni stefndu, samtals kr. 920.797,93, þá er ljóst af gögnum málsins, að Ágúst hefur ekki sjálfur útfyllt innleggs- og úttektarnótur né beiðni um stofnun bókar á nafn stefndu hinn 26. maí 1986 í Landsbanka Íslands. Nafnritun Ágústs er á síðastgreindri beiðni og á úttektarseðlumum, en ekki á innleggsnótunum. Ágúst kveðst ekki muna eftir þessum peningafærslum né að hafa ætlað sér að framkvæma þær. Samkvæmt framburði stefndu sjálfrar er ljóst, að hún fór með honum í Samvinnubankann og ók honum í síðara skiptið, sem hann fór í Landsbankann. Þegar litið er til álits sérfræðinga og vitna á andlegu atgervi Ágústs, þykir ólíklegt, að honum hafi verið kleift að eigin frumkvæði og án hjálpar að ákveða og framkvæma þessa fjárflutninga, svo sein stefnda heldur fram. Stefnda heldur því fram, að Ágúst hafi gefið sér þetta fé auk fasteignarinnar og að slík gjöf sé ekki óeðlileg, þegar litið sé til þess, að um gjafagerning milli náinna vandamanna sé að ræða. Ekki verður fallist á þessa skilgreiningu stefndu á sambandi hennar og Ágústs. Þykir hún ekki hafa sannað, að samband þeirra hafi verið náid á uppvaxtarárum hennar, og upplýst þykir, að það hafi rofnað um fjörutíu ára skeið þar til nokkrum mánuðum fyrir gerninginn. Stefnda hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi unnið til slíks örlætis að hálfu Ágústs. Þessir gerningar ásamt hússölunni stangast á við þær ráðstafanir, sem hann hafði áður gert ásamt síðari konu sinni. Þegar þetta er virt, sú niðurstaða, að gerhæfi Ágústs var skert, að stefndu var kunnugt um, að einn reikningurinn var á nafni mágkonu Ágústs, og þegar litið er til þess, um hversu miklar fjárhæðir er að ræða, þykir stefndu við þessar aðstæður ekki hafa

verið vítalaut að taka við peningunum, og skal því með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, víkja öllum þessum þremur gerningum til hliðar og stefnda dæmd til að endurgreiða stefnanda fé þetta fyrir hönd Ágústs, svo sem krafist er.

Í erfðaskrá þeirri, sem Ágúst Jónsson gerði til hagsbóta fyrir stefndu hinn 2. júní 1986, er stefnda sögð fósturdóttir hans. Þykir það hugtak ekki lýsa tengslum þeirra rétt. Efni erfðaskrárinnar þykir ekki eðlilegt, þegar virt eru tengsl aðila og það, hvernig eignir Ágústs mynduðust. Þegar virt er ofangreint álit sérfræðinga á gerhæfi Ágústs, þykir rétt að úrskurða, að hann hafi skort arfleðsluhæfi, sbr. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og að með vísan til þessa og þeirra aðstæðna, sem erfðaskráin er gerð við, skuli hún vera ógild.

Að jafnaði skal ekki tilkynna gerðarþola fyrir fram um löghald, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 um kyrretningu og lögbann. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, þegar gerð fer fram, er fógeta þó heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, sbr. 1. mgr. 11. gr. sömu laga. Stefnda var ekki viðstödd, er löghaldsgerð fór fram, og enginn var tilnefndur af hennar hálfu. Ekki þykir orðalag 1. mgr. 11. gr. leiða til þess, að hafna beri staðfestingu löghalds þess, er gert var hinn 18. júní 1987 í húseign stefndu, íbúð merktri D á 6. hæð í húsi nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að fjarvera stefndu eða fulltrúa hennar hafi leitt til réttarspjalla.

Með hliðsjón af málalokum og þeim hagsmunum, sem um er fjallað, þykir rétt að dæma stefndu til þess að greiða allan málskostnað, er ákveðst kr. 513.162. Þar af greiðast ríkissjóði réttargjöld, kr. 38.140, en stefnanda sjálfum kr. 125.022 vegna útlagðs kostnaðar og í málflutningslaun kr. 350.000, og hefur þá verið tekið tillit til flutnings um frávisunarkröfu og til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Kaupsamningur stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur, og Ágústs Jónssonar um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Dreka­vog í Reykjavík, gerður 4. júní 1986, skal vera ógildur, og ber að afmá hann, úr veðmálabókum Reykjavíkur.

Erfðaskrá, sem Ágúst Jónsson gerði til hagsbóta fyrir stefndu, Ingibjörgu Magnúsdóttur, hinn 2. júní 1986, skal vera ógild.

Stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, skal endurgreiða stefnanda, Vil­hjálmi Þórhallssyni f.h. Ágústs Jónssonar, kr. 920.795,93 ásamt 27% ársvöxtum frá 9. október 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Heimilt er að leggja vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Staðfest er löghald, sem gert var hinn 18. júní 1987, í húseign stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur, íbúð á 6. hæð, merkt D, í húsi nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík.

Stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, greiði stefnanda allan málskostnað, kr. 513.162. Þar af greiði hún ríkissjóði réttargjöld, kr. 38.140, en stefnanda sjálfum, Vilhjálmi Þórhallssyni hrl., kr. 125.022 vegna útlagðs kostnaðar og kr. 350.000 í málsflutningslaun til Vilhjálms Þórhallssonar hrl.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
